

**LÖG****um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem verður IV, svohljóðandi:

Á árinu 1993 skulu sveitarfélög greiða 500 m.kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 1.950 kr. fyrir hvern íbúa en sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.170 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1992. Um innheimtu gjaldsins skal fjármálaráðherra setja reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði 47. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1993 að gera tillögur um ráðstöfun á þessu fjármagni til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífs, enda dragi samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á hverjum stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fenginni umsógn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga skulu taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar styrkumsóknir eru teknar til umfjöllunar og afgreiðslu. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingar skulu staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1992.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Sighvatur Björgvinsson.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað síðari málslíðar 2. gr. laganna kemur: Þá er Stofnlánadeild heimilt að fella niður allt að helmingi af heildarskuldbindingum sem stofnað hefur verið til hjá deildinni vegna loðdýraræktar. Heimildin nær til afskriftar á lánum og niðurfellingar vaxta eftir nán-

ari reglum sem landbúnaðarráðherra setur að höfðu samráði við stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Blöndal.*

## LÖG

**um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna eins og henni var breytt með lögum nr. 12/1991:

- a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að styðja sveitarfélög og heilsugæslustöðvar til að koma á fót og reka heimaþjónustu fyrir aldraða.
- b. Á eftir 3. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður er orðast svo: Að veita rekstrarfé á árunum 1993, 1994 og 1995 til stofnana fyrir aldraða í samræmi við ákvæði fjárlaga, þó aldrei meira en 55% af heildarúthlutun sjóðsins á árinu.
- c. 2. mgr. fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Sighvatur Björgvinsson.*